



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-08	K/S 7-6-18
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Atgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnosi
801 - SELFOSS

Reykjavík 4. júní 2018

1602044SA VRH-
Málalykill: 002

Efni: Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022

Samkvæmt 5. gr. samþykktar Sambands íslenskra sveitarfélaga kjósa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:

- Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kys 1 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kys 2 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kys 3 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kys 4 fulltrúa.
- Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kys einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.

Íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags skal miðaður við 1. janúar á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram, skv. skráningu Hagstofu Íslands.

Samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands 1. janúar 2018 voru íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 690 að tölu. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kys því 1 fulltrúa á landsþing sambandsins og jafnmarga til vara. Kjörgengir eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Áríðandi er að kjörbréf með nöfnum aðalfulltrúa og varafulltrúa, ásamt upplýsingum um stöðuheiti innan sveitarstjórnar og netföngum, verði sent skrifstofu sambandsins sem fyrst að kosningu lokinni, í síðasta lagi 1. ágúst 2018.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

Meðfylgjandi: Samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fyrirmynd að kjörbréfi

Samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga

1. gr.

Heiti og heimili.

Sambandið heitir Samband íslenskra sveitarfélaga og er heimili, varnarþing og skrifstofa þess í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sambandsins er:

- Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.
- Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- Að þjóna sveitarfélögum og samtökum þeirra á sviði lögbundinna verkefna og öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög og samtök þeirra kalla eftir í takt við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.
- Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.
- Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og miðla þekkingu og upplýsingum til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti.

3. gr.

Aðild.

Hvert íslenskt sveitarfélag getur gerst aðili að sambandinu.

Nú samþykkir sveitarstjórn að óska þess að sveitarfélagið verði tekið í sambandið og skal hún þá senda stjórn sambandsins skriflega umsókn um það. Stjórn sambandsins veitir sveitarfélaginu inngöngu til bráðabirgða, en leggja skal slíkar umsóknir fyrir landsþing til fullnaðarstaðfestingar.

Ef sveitarfélag óskar að segja sig úr sambandinu skal tilkynna það skriflega og miðast úrsögnin við næsta landsþing eftir að tilkynning um úrsögn berst.

4. gr.

Landsþing.

Landsþing hefur æðsta vald í málefnum sambandsins. Það kemur saman árlega, að jafnaði í mars eða apríl. Á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal landsþing þó haldið eigi síðar en í lok september. Stjórn sambandsins boðar til landsþings og ákveður þingstað og tímasetningu.

k) Breytingar á samþykktum.

Á fyrsta landsþingi eftir almennar sveitarstjórnarkosningar fer fram kosning stjórnar, sbr. 10. gr. Á öðrum landsþingum fer fram kosning aðal- og varamanna í stjórn ef tilefni er til.

Tillögur um mál samkvæmt j-lið 1. mgr. þessarar greinar skal senda stjórn sambandsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing. Heimilt er þó að leggja mál fyrir landsþing með skemmri fyrirvara, ef 2/3 hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykkja.

Landsþingið getur kosið nefndir eða vinnuhópa til þess að fjalla um einstök mál sem til meðferðar eru á þinginu.

Heimilt er stjórn sambandsins að boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara og skulu þá þau mál tekin fyrir sem stjórnin ákveður.

7. gr.

Boðun til landsþings.

Til landsþings skal boðað með bréfi til sveitarstjórna með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Auk þess skulu þingfulltrúar, sbr. 5. gr., og áheyrnarfulltrúar, sbr. 8. gr., boðaðir bréflaga til þingsins með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara, ásamt dagskrá.

8. gr.

Áheyrnarfulltrúar á landsþingi.

Stjórnarmenn sem eigi eru kjörnir fulltrúar eiga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Ennfremur eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

Kjörnefnd.

Kjörnefnd sem kosin er á landsþingi, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., skal koma saman að loknum sveitarstjórnarkosningum til að gera tillögur til landsþings um kjör stjórnar og formanns sambandsins, sbr. 10. gr. Kjörnefnd skal einnig kölluð saman milli landsþinga ef aðal- eða varamaður lætur af stjórnarsetu eða missir kjörgengi.

Í kjörnefndinni skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:

1. Reykjavík tveir fulltrúar.
2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi.
3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi.
4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi.
5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi.

Kjörgengir í kjörnefnd eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi. Þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörnefndarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörnefnd áður en nefndin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.

Stjórnarmenn, nefndarmenn og landsþingsfulltrúar, sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, svo sem vegna fæðingarorlofs, eru jafnframt í leyfi frá trúnaðarstörfum sem þeir hafa verið kjörnir til samkvæmt samþykktum þessum.

13. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin fer með yfirstjórn sambandsins milli landsþinga.

Stjórnin heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og skal til þeirra boðað bréflaga með hæfilegum fyrirvara.

Stjórnin skal fyrir lok desember ár hvert samþykkja starfsáætlun og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir næsta ár.

Stjórnin skal fyrir lok febrúarmánaðar hafa samþykkt reikninga sambandsins fyrir næstliðið ár.

Stjórnin getur skipað fastanefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka, sem eru ráðgefandi fyrir stjórn og starfsfólk sambandsins. Einnig getur stjórnin skipað starfshópa til þess að fjalla um ákveðin málefni. Umboð slíkra nefnda fellur niður við stjórnarskipti, nema annað sé ákveðið í skipunarbréfi þeirra.

14. gr.

Framkvæmdastjóri og starfslið.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sambandsins og sviðsstjóra í samræmi við skipurit sambandsins á hverjum tíma. Annað starfslið ræður framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum störfum á skrifstofu sambandsins, fjárreiðum og öðrum málefnum þess á grundvelli samþykktu og stefnumörkunar sambandsins. Hann skal sjá um að fundir stjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu stjórnar komist til framkvæmda, hafi stjórnin ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri stýrir hagsmunagæslu sambandsins í umboði stjórnar, í samráði við formann stjórnar, og undirritar ásamt formanni fyrir hönd sambandsins samninga sem lúta að samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

15. gr.

Breytingar á samþykktum.

Breytingar á samþykktum sambandsins má gera á landsþingi. Tillögur um breytingar á samþykktunum skulu lagðar fyrir stjórn a.m.k. fjórum vikum fyrir landsþing sem sendir þær fulltrúum á landsþingi eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing og skal þeirra getið í fundarboði. Til breytinga á samþykktunum þarf samþykki meirihluta allra atkvæðisbærra fulltrúa, sbr. 5. gr.

16. gr.

Gildistaka.

Samþykktir þessar öðlast gildi að loknu landsþingi sambandsins árið 2017. Jafnframt falla úr gildi samþykktir sambandsins frá 1. október 2010.

KJÖRBRÉF

Kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2018–2022

Á fundi _____, sem haldinn var _____, voru eftirtaldir kjörnir aðal- og varafulltrúi/aðal- og varafulltrúar sveitarfélagsins á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2018–2022, samkvæmt 5. gr. samþykktta sambandsins:

Aðalfulltrúi/aðalfulltrúar:

Nafn	Staða innan sveitarstjórnar	Netfang

Varafulltrúi/varafulltrúar:

Nafn	Staða innan sveitarstjórnar	Netfang

Staður og dagsetning

Undirskrift og embættisstimpill

Samkvæmt 5. gr. samþykktta Sambands íslenskra sveitarfélaga skulu varamenn kosnir jafnmargir og aðalmenn og fer kosningin eftir sömu reglum og gilda um kosningu nefnda, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra en byggðarráðs. Kjörgengir sem fulltrúar á landsþing eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum og varamenn þeirra jafnmargir að tölu, hvort sem varamaður í sveitarstjórn hefur verið kjörinn sérstaklega við óbundnar kosningar eða hann fær kjörbréf vegna setu á framboðslista við bundnar hlutfallskosningar.

Kjörbréfið skal sent skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík, fyrir 1. ágúst 2018.